

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 24. febrúar 2012 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Þriggja ára áætlun sveitarsjóðs og stofnana.

Fyrir fundinum lá áætlun fyrir árabilið 2013-2015. Í áætluninni er yfirlit um rekstur málaflokka þessara ára, samantekinn rekstrar- og efnahagsreikningur tímabilsins og yfirlit um sjóðsstreymi. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og samþykkti að vísa henni til annarrar umræðu.

2. Dreifnám

Fyrir fundinum lágu kynningargögn um dreifnám í A-Hún þar sem skilgreindar eru helstu forsendur og fyrirkomulag og farið yfir kosti og galla þess að koma á dreifnámi. Í gögnunum var einnig farið yfir möguleika og fyrirkomulag á daglegum akstri frá Blönduósi og Skagaströnd fyrir nemendur í FNV. Halldór Ólafsson sem setið hafði fundi um málið skýrði nánar hvaða hugmyndir hafi verið ræddar og hvaða viðhorf hafi komið fram á kynningarfundum. Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að fela Halldóri og formanni fræðslunefndar að mæta á samráðsfundi um málið og leggja frekari útfærslur og kostnaðaráætlanir fyrir sveitarstjórn.

3. Fellsborg framkvæmdir

Sveitarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda á neðri hæð Fellsborgar þar sem standa yfir breytingar á eigninni. Fram kom að nokkrar breytingar hafa orðið frá upphaflegri áætlun þar sem ófyrirséð atriði hafi komið upp. Fyrir fundinum lá yfirlitsblað um breytingar á ofnakerfi í húsinu í heild. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi upplýsingar og fór í vettvangskönnun til að fylgjast með framkvæmdum og þeim breytingum sem fyrirhugað er að gera.

4. Samningur MN og SSNV

Fyrir fundinum lá samstarfssamningur milli Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Markaðsskrifstofu Norðurlands. Í samningnum er fjallað um hvernig Markaðsskrifstofan muni annast kynningu fyrir ferðamenn á sveitarfélögum á starfssvæði SSNV og hvaða greiðslur komi fyrir það verkefni. Samningurinn er undirritaður af framkvæmdastjóra SSNV með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkti samninginn fyrir sitt leyti.

5. Bréf:

- a. Félags- og skólaþjónusta A-Hún, dags. 13. febrúar 2012

Fyrir fundinum lá bréf Félags- og skólaþjónustu A-Hún um kaup á Skúlabraut 22 á Blönduósi. Svohljóðandi bókun var samþykkt samhljóða:

„Fyrir var tekið erindi stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 13. febrúar 2012 þar sem lagt er til að samþykkt verði kaup á eigninni Skúlabraut 22 á Blönduósi fyrir sambýli fatlaðra. Fyrir fundinum lá kaupsamningur vegna eignarinnar og skuldabréf að jafnvirði kaupvirðis 14.500.000 kr.

Sveitarstjórn Skagastrandar

Fundargerðir

Sveitarstjórn samþykkti kaupsamninginn og skuldabréfið fyrir sitt leyti og veitti stjórn Félags- og skólaþjónustu sitt umboð til að ganga frá kaupum á eigninni með undirritun þeirra skjala sem varða kaupin. „

b. Þingmanna Hreyfingarinnar, dags. 7. febrúar 2012

Með bréfinu vekur Hreyfingin athygli á frumvarpi sínu til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða þar sem það er m.a. sett að markmiði að sveitarfélög fái forræði yfir því hlutfalli aflaheimilda sem bárust á land í viðkomandi byggðarlagi fyrir gildistöku laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar bókanir vegna þess eða frumvarpsins.

c. Hollvinasamtaka HSB, dags. 17. febrúar 2012

Með bréfinu leita hollvinasamtökin eftir fjárstuðningi til tækjakaupa fyrir HSB. Oddviti gerði grein fyrir að tillag um einnar milljónar króna framlag til tækjakaupa hafi verið rædd óformlega milli sveitarfélaga í A-Hún og að stuðningurinn verði látinn renna í gegnum byggðasamlag um menningu og atvinnumál. Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélögin í A-Hún muni samþykkja stuðning við verkefnið og að miðað verði við hlutfallslega skiptingu eftir íbúatölu. Áætlað er að framlag sveitarfélagsins Skagastrandar yrði um 250 þús. miðað við þá aðferðafræði. Stuðningur við verkefnið var samþykktur.

d. Óbyggðanefndar, dags. 18. janúar 2012

Í bréfi Óbyggðanefndar kemur m.a. fram að frestur fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum í Húnavatnssýslum vestan Blöndu og á Skaga sé til 31. mars n.k. ef um slíkar kröfur sé að ræða. Í bréfinu kemur einnig fram hver verði í meginráttum ferill málsins og hvert hlutverk óbyggðanefndar er. Bréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir eða ályktanir vegna þess en ákveðið að hafa samstarf og samráð við nágrennasveitarfélög ef kröfur verða gerðar í land sveitarfélagsins.

6. Fundargerðir

a. Fræðslunefndar, 19.01.2012

Fundargerðin var samþykkt.

b. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 2.02.2012

Fundargerðin var til kynningar.

c. Menningarráðs Norðurlands vestra, 2.02.2012

Fundargerðin var til kynningar.

d. Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 31.01.2012

Fundargerðin var til kynningar.

e. Héraðsfundar sveitarstjórna í A-Hún, 7.02.2012

Fundargerðin var til kynningar.

f. Stjórnar SSNV, 14.02.2012

Fundargerðin var til kynningar.

g. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 27.01.2012
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

Umræður urðu um Bjarmanes og útleigu á húsinu fyrir rekstur kaffi- og menningarhúss.
Ákveðið að auglýsa reksturinn.

Umræður urðu um hvort og hvernig sé rétt að koma upp íbúðingum. Ákveðið að leita samstarfs
og ráðgjafar hjá SSNV um það verkefni.

Rætt var um ljósleiðarakerfi sem fyrirhugað er að leggja samhliða dreifikerfi hitaveitu. Ekki
teknar ákvarðanir en ákveðið að leita ráðgjafar og upplýsinga.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10³⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson